

Hluthafafundur HB Granda hf. þann 15. ágúst 2019

Hluthafafundur HB Granda hf. verður haldinn fimmtudaginn 15. ágúst 2019 í höfuðstöðvum félagsins að Norðurgarði 1, 101 Reykjavík og hefst hann klukkan 17:00. Fundurinn fer fram á íslensku.

Dagskrá

1. Tillaga um að staðfesta ákvörðun stjórnar um kaup félagsins á öllu hlutafé í sölufélögum í Japan, Hong Kong og á meginlandi Kína, sem og þjónustufélagi á Íslandi með útgáfu nýrra hluta í HB Granda hf.
2. Tillaga stjórnar til breytinga á grein 1.1. samþykkt félagsins þess efnis að nafn félagsins verði Brim hf.
3. Önnur mál.

1. Tillaga um kaup á sölufélögum í Asíu með útgáfu nýrra hluta í HB Granda hf.

Þann 12. júlí 2019 var undirritaður kaupsamningur á milli HB Granda hf. og Útgerðarfélags Reykjavíkur hf. um kaup á öllu hlutafé í sölufélögum í Japan, Hong Kong og á meginlandi Kína, sem og þjónustufélagi á Íslandi sem tengist framangreindum félögum. Kaupverð nemur USD 34.900.000 sem samsvarar 31,1 milljón evra sem greitt yrði með útgáfu 133.751.606 nýrra hluta í HB Granda hf. sem samsvarar 7,3% aukningu hlutafjár. Samningarnir voru gerðir með fyrirvara um samþykki stjórnar og síðar hluthafafundar. Stjórn samþykkti kaupin fyrir sitt leyti hinn 18. júlí 2019, eins og komið hefur fram í tilkynningum til kauphallar. Tillagan um samþykki á kaupunum og hlutafjárhækkuninni er borin fram í einu lagi.

Tillagan:

„Hluthafafundur í HB Granda hf. sem haldinn er 15. ágúst 2019 staðfestir með vísan til 95. gr. a, laga nr. 2/1995 um hlutafélög, ákvörðun stjórnar HB Granda hf. um kaup á öllu hlutafé í sölufélögum í Japan (Icelandic Japan KK), Hong Kong (Icelandic Hong Kong Ltd.) og á meginlandi Kína (Icelandic China (Qingdao) Trading Co. Ltd), sem og þjónustufélagi á Íslandi (Seafood Services ehf) sem tengist framangreindum félögum af Útgerðarfélagi Reykjavíkur hf.

Kaupverðið nemur USD 34.900.000 og greiðist allt með útgáfu nýrra hluta í HB Granda hf. að nafnverði kr. 133.751.606. Gengi hinna nýju hluta er 33 í þessum í þessum viðskiptum.

Kaupverðið greiðist allt til seljanda Útgerðarfélags Reykjavíkur hf. og fellur forgangsréttur hluthafa því niður af hlutafjárahækkuninni sbr. 3. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Áætlaður kostnaður við hlutafjárhækkunina er kr. 2.000.000.

Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi.“

Greinargerð:

HB Grandi hf. hefur stefnt að því undanfarið að bæta stöðu sína á alþjóðlegum mörkuðum fyrir sjávarafurðir. Tilgangur kaupanna á þessum félögum er að styrkja og auka við sölu- og markaðsstarf sitt, einkum í Asíu. Umrædd félög hafa staðið að sölu íslenskra sjávarútvegsafurða á Asíumarkaði allt frá árinu 1989.

2. Tillaga um að breyta nafni félagsins í Brim

Þann 18. júlí ákvað stjórn félagsins að leggja til við hluthafafund að breyta nafni og vörumerki félagsins í Brim og Brim Seafood.

Tillaga:

„Hluthafafundur HB Granda hf. sem haldinn er 15. ágúst 2019 samþykkir breytingu á grein 1.1. í samþykktum félagsins þess efnis að nafn félagsins verði Brim hf.“

Greinagerð:

Nýtt vörumerki og nafn þjóna vel tilgangi félagsins sem er að markaðssetja og selja afurðir, sem félagið veiðir og vinnur, á verðmætum alþjóðamörkuðum. Nafni félagsins var síðast breytt fyrir 15 árum og vísaði þá til sameiningar tveggja félaga, Haraldar Böðvarssonar og Granda, sem áður varð til við sameiningu Ísbjarnarins og Bæjarútgerðar Reykjavíkur. Breytingarnar að þessu sinni undirstrika aukna áherslu félagsins á markaðs- og sölumál sem birtist m.a. í kaupum á sölufélögunum í Asíu.

Brim er einfalt og þjálft nafn sem er ásamt vörumerkinu Brim Seafood þekkt á alþjóðamörkuðum fyrir sjávarafurðir. Vörumerkið myndar þrjár öldur. Öldurnar tákna annars vegar brim, sem brýtur nýja leið í viðskiptum, og hins vegar mynda þær fisk, sem er tákn fyrir afurðir fyrirtækisins. Blái liturinn stendur fyrir lit sjávarins og silfrið táknar þau verðmæti sem Brim skapar.

Aðrar upplýsingar

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar á netfangið hluthafafundur@hbgrandi.is með það löngum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins. Þannig skulu óskir hluthafa liggja fyrir eigi síðar en kl. 17:00 mánudaginn 5. ágúst 2019, þ.e. 10 dögum fyrir fundinn.

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Eigin bréf félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.

Atkvæðaseðlar og fundargögn verða afhent á fundarstað.

Hluthafar sem ekki eiga kost á að sækja fundinn geta:

- a) veitt öðrum skriflegt umboð
- b) greitt atkvæði skriflega

Þeim hluthöfum sem hyggjast nýta sér annan hvorn þessara kosta er bent á að kynna sér á heimasíðu félagsins hvernig þeir skuli bera sig að. Þar er að finna leiðbeiningar um skráningu og form skjala og hvernig þeim skuli skilað til félagsins.

Dagskrá, tillögur og öll skjöl sem lögð verða fyrir fundinn eru hluthöfum tiltæk á íslensku, á heimasíðu félagsins og á skrifstofu félagsins á venjulegum skrifstofutíma. Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar viku fyrir fundinn.

Kynning á sölufélögunum verður birt tveimur vikum fyrir fundinn.

Allar nánari upplýsingar um fundinn má finna á vefsíðu félagsins www.hbgrandi.is

Stjórn HB Granda hf.